

LÖG
um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum
(bann við útflutningi lyfja).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Til 31. desember 2020 er Lyfjastofnun heimilt að leggja bann við því að lyfjaheildsalar og markaðsleyfishafar selji eða flytji tiltekna birgðir lyfs úr landi þegar fyrirséð er að slíkur útflutningur geti haft þau áhrif á framboð lyfsins hér á landi að það ógni lífi og heilsu manna eða dýra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. mars 2020.

Katrín Jakobsdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon.
(L. S.)

Þorgeir Örlygsson.

Svandís Svavarsdóttir.